



## Bæjarstjórn Blönduósþæjar

### 2. FUNDUR – 16. september 2010

Bæjarstjórn Blönduósþæjar kom saman til 2. fundar fimmtudaginn 16. September 2010 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

#### Dagskrá:

1. *Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010*
2. *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 31. ágúst 2010*
  - b) *Fræðslunefnd frá 12. ágúst 2010*
  - c) *Jafnréttisnefnd frá 11. ágúst 2010*
  - d) *Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 24. ágúst 2010*
  - e) *Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 1. september 2010*
  - f) *Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 7. september 2010*
  - g) *Landbúnaðarnefnd frá 15. júní 2010*
  - h) *Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2010*
  - i) *Landbúnaðarnefnd frá 26. ágúst 2010*
  - j) *Menningar- og fegrunarnefnd frá 12. júlí 2010*
  - k) *Menningar- og fegrunarnefnd frá 7. september 2010*
3. *Ákvörðun um fundartíma og auglýsingu bæjarstjórnarfunda*

#### Afgreiðslur:

##### 1. *Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010*

Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri bæjarins var mætt á fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri og Valgerður kynntu endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010, útskýrðu einstaka liði og ástæður breytinga. Nokkrar umræður urðu um áætlunina.

Fulltrúar S-lista lögðu fram eftirfarandi fyrirspurn vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum:

„Í drögum að endurskoðaðri fjárhagsáætlun koma meðal annars fram upplýsingar um stórfellda fjárförf umfram heimildir í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, bæði vegna yfirstandandi verkefna og nýrra verkefna sem ekki hafa hlotið umfjöllun í bæjarráði. Óskað er svara við eftirtöldum atriðum:

1. Óskað er eftir rökstuðningi um niðurfellingu framkvæmda vegna lagna í Smárabraut og Sunnubraut og jarðvegsskipta í Holtabraut og endurnýjun á heimaæð samtals 9,4 milljónir.
2. Óskað er eftir útskýringum á 2 milljóna króna útgjöldum á skólalóð og 4 milljónir vegna áhaldahús sem ekki eru heimildir fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun 2010.

3. Óskað er eftir greinargerð og sundurliðun á 130 mkr. fjárförf umfram 150 mkr. heimild í sundlaugarbyggingu.
4. Óskað er eftir sundurliðuðum samanburði á upphaflegri kostnaðaráætlun um byggingu sundlaugar, núverandi stöðu og lokaáætlun, ásamt ítarlegum upplýsingum um hvaða liðir eru vanáætlaðir og hvers vegna.
5. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 4.6.2008 að hefja byggingu sundlaugar á Blönduósi á grundvelli teikninga sem unnar höfðu verið á vegum svokallaðs sundlaugarhóps.
  - a) Óskað er eftir afriti af kostnaðaráætluninni sem bæjarstjórn lagði til grundvallar endanlegri ákvörðun sinni um að hefja byggingu sundlaugar.
  - b) Þá óskast afrit af tilheyrandi umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð eins og skylt er sbr. 65.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 43/1998.
6. Fyrri umræða um þriggja ára áætlun 2009-2011 fór fram 11.12.2007, að því er virðist án þess að í henni væri að finna upplýsingar um fyrirhugaðar fjárfestingar. Áætlunin með þeim alvarlegu vanköntum var afgreidd til annarrar umræðu. Við sama tækifæri var eftirfarandi tillaga samþykkt með sjö samhljóða atkvæðum:

*Undirrituð leggja til að áður en þriggja ára fjárhagsáætlun verði afgreidd láti bæjarstjóri í samráði við bæjarráð vinna upp vandaða 3-5 ára framkvæmdaáætlun fyrir sveitarfélagið. Þar verði meðal annars tekið tillit til gatnagerðar, endurnýjunar lagna, viðhalds eigna, skóladagheimilis, skólamötuneytis og íþróttamannvirkja svo eitthvað sé nefnt.*

Óskað er eftir afriti af þessari vönduðu 3-5 ára framkvæmdaáætlun.

7. Óskað er eftir rekstaráætlun fyrir sundlaug.“  
Undir þetta rita Þórdís Hauksdóttir, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

Endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010 var síðan vísað áfram til annarrar umræðu í bæjarstjórn.

## **2. Fundargerðir:**

### **a. Bæjarráð frá 31. ágúst 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Oddný M. Gunnarsdóttir óskar eftir því að það verði fært til bókar að hún taki ekki þátt í umræðu og afgreiðslu 10. lið a7. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b. Fræðslunefnd frá 12. ágúst 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **c. Jafnréttisnefnd frá 11. ágúst 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **d. Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 24. ágúst 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Ágúst Þór Bragason vill færa til bókar að hann taki ekki þátt í umræðu og afgreiðslu á lið 11 og Oddný M. Gunnarsdóttir vill færa til bókar að hún taki ekki þátt í umræðu og afgreiðslu á lið 9 í fundargerðinni. Fulltrúar S-listans leggja fram eftirfarandi bókun:

„Bókun vegna 10. liðar í fundargerð 24.8.2010 í skipulags-, byggingar- og veitunefnd, þar sem sýslumaður óskar umsagnar vegna leyfis um veitinga- og gististaði.

Fulltrúar S lista gera alvarlegar athugasemd við meðferð málsins hjá Blönduósbæ.

Erindi frá sýslumanni til byggingarfulltrúa og bæjarstjórnar dagsett 26.5.2010 er sett á dagskrá skipulags-, byggingar- og veitunefndar þremur mánuðum síðar og er þar frestað til næsta fundar. Bæjarráð tekur bréf sýslumanns fyrir 10.6.2010 en veitir ekki umsögn svo sem henni ber samkvæmt lögum 2007 nr. 85 29.mars 10.gr. heldur samþykkir umsóknina. Fulltrúar S lista óska eftir að bæjarstjórn gefi umsögn sína án tafar.“

Undir þetta rita Þórdís Hauksdóttir, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### ***e. Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 1. september 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

#### **Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030**

Bæjarstjórn fjallaði um framkomnar athugasemdir og tillögur að umsögnum um þær. Samtals bárust 180 athugasemdir sem flestar mótmæltu að Húnavallaleið var ekki sýnd á aðalskipulaginu. Það er samdóma álit bæjarstjórnar að lega Hringvegur sé á allan hátt farsælust fyrir héraðið um Blönduós og eru færð ýtarleg rök fyrir því í svarbréfum til þeirra sem gerðu athugasemdir. Bæjarstjórn telur ekki forsendur til að gera breytingar á fyrirliggjandi aðalskipulagi og mun því auglýsa niðurstöðuna og senda tillöguna til endanlegrar afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra í samræmi við 18 gr. Skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 m.s.br.

Að þeim loknum var fundargerðin ásamt bókuninni borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### ***f. Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 7. september 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### ***g. Landbúnaðarnefnd frá 15. júní 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### ***h. Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***i. Landbúnaðarnefnd frá 26. ágúst 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***j. Menningar- og fegrunarnefnd frá 12. júlí 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***k. Menningar- og fegrunarnefnd frá 7. september 2010***

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***3. Ákvörðun um fundartíma og auglýsingu bæjarstjórnarfundar***

Bæjarstjórn ákvað að hafa óbreyttan fundartíma eða annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 17:00. Einnig ákveðið að auglýsa bæjarstjórnarfundar á heimasíðu Blönduósþéttar, á Húnahorninu og í Samkaupum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:30

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)